

# UPPLÝSINGAR FYRIR FJÁRFESTA

Í þessu skjali er að finna lykilupplýsingar varðandi þennan sjóð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru áskildar samkvæmt lögum til að þú getir skilið eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Ráðlagt er að þú lesir þær til að þú getir tekið meðvitaða ákvörðun um hvort þú fjárfestir í honum eður ei.

## Verðbréfasjóðurinn Storebrand Global Indeks N4 (USD) - hlutabréfasjóður (UCITS)

ISIN: NO0010839657

Stýrt af Storebrand Asset Management AS (fyrirtækjanr. 930 208 868), fyrirtæki í Storebrand-samsteypunni.

## Fjárfestingamarkmið og -stefna

### Markmið

Storebrand Global Indeks er vísitölutengdur hlutabréfasjóður sem stefnir að því að ná fram svipaðri verðmætaþróun og hinn þróaði alþjóðlegi hlutabréfamarkaður (MSCI World).

### Fjárfestingastefnumörkun

Sjóðurinn fjárfestir aðallega í hlutabréfum sem skráð eru í kauphöllum á þróuðum mörkuðum í Norður-Ameríku, Evrópu og Asíu. Hlutabréfin eru sett saman á þann hátt að þau endurspegli, eins og kostur er, eiginleika viðmiðunarvísitölnnar. Sjóðurinn fylgir staðli Storebrand um sjálfbærar fjárfestingar, sem felur í sér að fjöldi fyrirtækja er útilokaður frá fjárfestingarheildinni.

Áætlaður hlutfallslegur óstöðugleiki ætti að vera eins lágur og mögulegt er og afleiðusamninga má nota til hagkvæmari eða skilvirkari stjórnunar.

### Viðmiðunarvísitala

Viðmiðunarvísitala sjóðsins er MSCI World Net.

### Arður

Arður sem sjóðurinn fær vegna fjárfestinga sinna er endurfjárfestur um leið og verður hluti af hlutvirðinu.

### Fjárfestingartímabil

Áhættulýsing sjóðsins gerir það að verkum að þú ættir að hafa fjárfestingaryfirlit í fimm ár eða lengur.

### Viðskipti

Hægt er að eiga viðskipti við sjóðinn á öllum bankadögum í Noregi með þeim skilyrðum að aðalmarkaður sjóðsins sé einnig opin fyrir viðskipti. Pantanir sem eru móttæknar af umboðsfyrirtækinu fyrir kl. 15 á bankadögum verða afgreiddar sama dag. Við sölu er gefið upp gengi við komandi gengisútreikning og greiðsla er venjulega innt af hendi innan 1-3 daga. Við kaup er gefið upp gengi af inngreiðslu. Lágmarksupphæð er 100 USD.

## Áhætta og ávinningur

Minni áhætta

meiri áhætta



Áhætta/arðsemisvísibending sýnir samhengið milli áhættu og arðsemi sjóðsins. Hærrí staða á skalanum táknar möguleika á hærrí ávöxtun, en einnig meiri áhættu á að tapa peningum. Vísibendingin byggir á því hvernig verðmæti sjóðsins hefur breyst á undanföllum fimm árum (viðmiðunarvísitala er lögð til grundvallar fyrir sjóði með styttri sögu), og er ekki örugg vísibending framtíðarþróun.

Lægsti flokkurinn, 1, getur ekki talist fullkomlega áhættulaus. Þessi sjóður er staðsettur í áhættuflokki 5, en sjóðurinn getur færst bæði til hægri og vinstri á skalanum. Það er vegna þess að vísibendingin er byggð á sögulegum gögnum, sem ekki veita neina tryggingu varðandi áhættu / ávöxtun í framtíðinni.

Dagleg þróun á þeim mörkuðum þar sem verslað er með verðbréfin (markaðsáhætta), hefur áhrif á verðgildi fjárfestinga sjóðsins,

jákvætt og neikvætt.

Vísibendingin tekur ekki tillit til sérstaklega óvenjulegra atburða, svo sem gengisfellingar, pólitískra breytinga eða meiriháttar ófyrirsjáanlegra sveiflna á verðbréfamörkuðum. Eftirfarandi áhættur endurspeglast heldur ekki að fullu í vísibendingunni, en getur samt sem áður haft áhrif á verðgildi sjóðsins:

**Stjórnunaráhætta:** Aðstæður eða markaðskringumstæður þar sem aðferðafræði umsýsluaðila virkar ekki eins og búist var við.

**Lausafjárahætta:** Takmarkaður framseljanleiki sem gerir það erfitt að meta verðgildi og að selja verðbréfið.

**Gjaldeyrísáhætta:** Breytingar á verðgildi sem verða til þegar gengið milli fjárfestinga í erlendum gjaldeyri breytist miðað við gjaldmiðil sjóðsins. Út af fyrir sig mun verðmæti sjóðsins lækka ef erlendir gjaldmiðill veikist gagnvart gjaldmiðli sjóðsins.

**Rekstraráhætta:** Tap sem til dæmis hlýst af kerfishruni, mannlegum þáttum eða ytri atburðum.

## Kostnaður

### Eingreiðslukostnaður fyrir eða eftir fjárfestingu

Kostnaður við kaup Inntil 0,20 %

Innlausnargjald Inntil 0,20 %

### Ársgjöld sjóðsins.

Árlegur kostnaður 0,20 %

### Gjöld sem dregin eru frá sjóðnum við sérstakar aðstæður.

Árangurstengd þóknun Nei


Kaup- og sölukostnaður sem kemur fram í töflunni er hámarks taxti. Hafðu samband við ráðgjafa þinn varðandi nánari upplýsingar.

Rekstrarkostnaður felur í sér kostnað vegna stjórnunar, umsýslu, markaðssetningar og hvers konar annars kostnaðar sem er gjaldfærður á síðasta almanaksári sjóðsins.

Rekstrarkostnaður samanstendur af fastri árlegri umsýslubókun (0,10 %), og nokkrum takmörkuðum breytilegum kostnaði samkvæmt lögum, samþykktum eða áætlun um að bæta stjórnun sjóðsins. Kostnaði er skipt jafnt á öll hlutabréf, og getur breyst frá ári til árs.

Kostnaður dregur úr hugsanlegri verðmætaaukningu sjóðsins. Nánari upplýsingar um kostnað er að finna í útboðslýsingu sjóðsins og samþykktum sem er að finna á [www.storebrand.no/sam](http://www.storebrand.no/sam).

## Fyrri árangur



Skýringarmyndin sýnir hagnað fyrir hvert almanaksár aftur í tímann. Kostnaður er dreginn frá hagnaði sjóðsins. Ekki er tekið tillit til hugsanlegra kostnaðar vegna kaupa og sölu. Hagnaður er reiknaður í USD.

Sögulegur hagnaður er ekki trygging fyrir hagnaði í framtíðinni. Hagnaður í framtíðinni getur meðal annars markast af markaðspróun, dugnaði umsjónarmanns, áhættu sjóðsins sem og hugsanlegs kostnað vegna kaups og sölu á hlutum í sjóðnum. Hagnaður getur orðið neikvæður.

Sjóðurinn var stofnaður 2005-12-22.

Hlutdeildin var stofnuð 2020-10-14.

## Hagnýtar upplýsingar

Vörsluhafi sjóðsins er J. P. Morgan Bank Luxembourg S.A., Oslo Branch.

Nánari upplýsingar er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, samþykktum, reikningum og öðru efni á [www.storebrand.no/sam](http://www.storebrand.no/sam). Hægt er að biðja um að fá skjölin send án endurgjalds.

Með fyrirvara um samþykki Finanstilsynet mun sjóðurinn taka upp starfslagningu á fyrsta ársfjórðungi 2021. Vertu uppfærður á tilkynningarsíðum okkar á [www.storebrand.no/saminfo](http://www.storebrand.no/saminfo).

Aðrar hagnýtar upplýsingar, þ.m.t. uppfært verðgildi sjóða, má einnig finna á [www.storebrand.no/sam](http://www.storebrand.no/sam).

Skattskylda þín vegna fjárfestingar í sjóðnum markast meðal annars af búsetulandi, landi því þar sem skattur er greiddur og skilyrðum um skattskyldu.

Storebrand Asset Management AS er aðeins ábyrgt ef innihald þessa skjals er villandi, ónákvæmt eða í ósamrými með tilliti til viðeigandi hluta útboðslýsingar sjóðsins.

Þessi sjóður er viðurkenndur í Noregi og er undir eftirliti norska fjármálaeftirlitsins. Innlendir sjóðir fara fram á að umsjónarmaður hafi starfsleyfi samkvæmt lögum um fjárfestingarsjóði til viðbótar við lög um verðbréfasjóði. Umboðsfyrirtækið Storebrand Asset Management AS hefur leyfi í Noregi og er undir eftirliti norska fjármálaeftirlitsins. **Uppfært 2021-02-15.**